

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

777. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 14. janúar 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 18. desember sl.
2. Ársreikningur Félagsheimilisins í Víðihlíð 2011.
3. Bréf Matvælastofnunar.

Afgreiðslur:

1. Fram lögð til kynningar fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 18. desember sl.
2. Ársreikningur Félagsheimilisins Víðihlíðar fyrir árið 2011 lagður fram til kynningar.
3. Bréf Matvælastofnunar lagt fram til kynningar en þar er greint frá því að stofnunin hafi ákveðið að létta af Miðfjarðarhólfi þeim kvöðum sem eru á sýktum riðuhólfum þannig að hólfid telst nú vera ósýkt af hefðbundinni riðu.

Samþykkt að taka á dagskrá:

4. Sveitarstjóri lagði fram gögn og upplýsingar varðandi snjómokstur í Húnaþingi vestra. Samþykkt að fara ítarlegar yfir málið á næsta fundi.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:00

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán E. Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheymarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.